

Tilkynna ber utanríkisráðuneyti Hollands um uppsögnina eigi síðar en sex mánuðum áður en fjárhagsár ráðstefnunnar er á enda og tekur hún gildi í lok þess árs, en aðeins gagnvart þeim aðila sem hefur tilkynnt um hana.

La dénonciation devra être notifiée au Ministère des Affaires Etrangères des Pays-Bas, au moins six mois avant l'expiration de l'année budgétaire de la Conférence, et produira son effet à l'expiration de ladite année, mais uniquement à l'égard du Membre qui l'aura notifiée.

AUGLÝSING

um samkomulag um breytingu á Norðurlandasamningi um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Hinn 30. október 2003 var finnska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 17. júní 1981 um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi sem gert var í Helsinki 18. júní 2003. Tilkynnt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

um breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem æskja þess að samningurinn frá 17. júní 1981 um rétt norræna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi verði einnig látinn taka til færeysku, grænlenSKU og samísku, hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

1. mgr. 1. gr. samningsins skal hljóða svo:

„Þær tungur, sem samningur þessi tekur til, eru íslenska, danska, finnska, norska og sænska ásamt færeysku, grænlenSKU og samísku.“

II. gr.

Samkomulagið öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er öll samningsríkin hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu um að það hafi verið staðfest.

III. gr.

Frumeintak þessa samkomulags skal afhenda til vörslu í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur hinum samningsríkjunum í té staðfest endurrit þess.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað þetta samkomulag.

Gjört í Helsinki hinn 18. júní 2003 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

AUGLÝSING

um norrænan samning um heilbrigðisviðbúnað.

Hinn 31. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á norrænum samningi um heilbrigðisviðbúnað sem gerður var í Svolvær 14. júní 2002. Samningurinn öðlaðist gildi 30. nóvember 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 3. desember 2003.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

NORRÆNN SAMNINGUR um heilbrigðisviðbúnað.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem eru sannfærðar um nauðsyn þess að stofnað verði til samvinnu milli heilbrigðisyfirvalda aðildarlandanna í þeim tilgangi að efla sameiginlega getu Norðurlandanna til að bregðast við hættuástandi og hamförum, að meðtöldum náttúruhamförum og atvikum (slysum og hryðjuverkaárásum) þar sem m. a. geislavirk efni, sýkla- og efnavopn koma við sögu,

sem óska eftir að skipuleggja skilvirka aðstoð vegna hættuástands eða hamfara í einu Norðurlandanna þar sem aðstoðin fellur ekki undir aðra norræna fjöhlíða eða tvíhlíða samninga, þar á meðal samninginn milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 20. janúar 1989 um samvinnu landanna til að koma í veg fyrir eða takmarka þann skaða á mönnum, eignum og umhverfi sem kann að verða, ef slys eða hættuástand ber að höndum (norræni björgunarþjónustusamningurinn),